

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 1. nóvember 2023.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.50.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Ragnar Hilmarsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Hildur Vilhelmsdóttir, Viðar Halldórsson, Aðalbjörg Óladóttir, Magnús Gunnarsson og Arnfríður Kristín Arnardóttir (Teams). Forföll: Már Sveinbjörnsson.

Dagskrá:

1. Saga ÍBH í 70 ár 1945 – 2015

Kom út í október 2023 og er eingöngu rafræn á heimasíðu ÍBH, ibh.is, (vinstra megin á síðunni er flipi) saga.

2. Þing UMFÍ 20. – 22. október 2023

Fór fram á Hótel Geysi í Haukadal. ÍBH sendi átta fulltrúa á þingið. Á þinginu voru samþykktar tímamótatillögur um skiptingu lottótekna og starfssvæði íþróttahéraða víða um land í samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) og stjórnvöld. ÍBH var eitt þriggja íþróttahéraða sem fékk hvatningarverðlaun UMFÍ 2023 fyrir Special Olympics körfuknattleikshóp hjá Knattspyrnufélaginu Haukum.

3. Golfþing 10. – 11. nóvember 2023 haldið á Hótel Reykjavík Grand

Allar upplýsingar um golfþingið hafa verið sendar á Golfklúbbinn Keili og Golfklúbbinn Setberg, félögin verða síðan í sambandi við Gólfamband Íslands um þingið. Keilir á rétt á því að senda 14 fulltrúa á þingið og Setberg á rétt á því að senda 6 fulltrúa á þingið. Samtals mega 253 fulltrúar sitja þingið fyrir utan fulltrúa íþróttahéraða sem mega vera áheyrnarfulltrúar á þinginu.

4. Ráðstefna: Vinnum gullið – ný stefna í afreksíþróttum á Íslandi

Mennta- og barnamálaráðuneytið í samstarfi við ÍSí, UMFÍ og Samband íslenskra sveitarfélaga boðar til ráðstefnunnar og fer hún fram á Grand Hótel Reykjavík kl. 9.00-16.00. Allar upplýsingar hafa verið sendar á aðildarfélög ÍBH og eru allir hvattir til þátttöku.

5. Syndum – landsátak í sundi 1. – 30. nóvember 2023

Vakin hefur verið athygli á áttakinu á heimasíðu og samfélagsmiðlum ÍBH.

6. Heilsueflandi sveitarfélag

Umræður um heilsueflandi sveitarfélag, lýðheilsuvísa og íþróttafélögin. Æskilegt er að meira samstarf sé um verkefnið við aðildarfélögin í gegnum íþróttabandalagið. Íþróttafélögin geta boðið upp á mörg tækifæri til að auka heilbrigði íbúanna.

7. Afrekssjóður ÍBH greiddir styrkir janúar – október 2023

Samtals eru greiddir styrkir fyrir fyrstu 10 mánuði ársins kr. 18.215.000. Framlag Hafnarfjarðarbæjar til sjóðsins 2023 er kr. 13.910.307 og framlag ÍBH 2023 er kr. 2.000.000, samtals kr. 15.910.307. Af þessu sést að mikið hefur farið úr sjóðnum á árinu og að íþróttahreyfingin er komin af stað eftir covid. Íþróttahreyfingin í Hafnarfiðri er stór og þátttaka í keppnum erlendis mikil. Stjórn ÍBH hvetur Hafnarfjarðarbæ til að auka stuðning sinn við sjóðinn ennfrekar.

8. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2023

Verður haldinn miðvikudaginn 27. desember 2023 í Íþróttahúsinu við Strandgötu með hefðbundnu sniði, dagskráin verður birt síðar.

9. Önnur mál

a). MG greindi stjórn ÍBH frá sorgartíðindum sem áttu sér stað í vikunni við Ásvelli og deildi reynslu sinni um alla verkferla í sambandi við atvikið. Stjórn ÍBH sendir aðstandendum innilegar samúðarkveðjur.

b). ALS og AKA eru í nefnd innan stjórnar ÍBH um Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ. Nefndin fundaði í október sl. um gátlista í sambandi við bæði verkefnin. ÍBH vinnur nú að því að endurnýja gæðaviðurkenningu sína sem Fyrirmyndarhérað ÍSÍ og aðildarfélög ÍBH eru hvött til þess að hefja vinnu við gæðaviðurkenninguna Fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Golfklúbburinn Keilir er eina aðildarfélag ÍBH sem er Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.